



Skipulags-og byggingarnefnd

Fundarboð

Fundur nr.94 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, mánudaginn 12.Ágúst 2013 klukkan 20:00. Mætt eru Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Valgerður Erlingsdóttir og Vigfús Þ. Hróbjartsson fulltrúi skipulags-og byggingarmála. Björn Helgi Snorrason og Guðbrandur Magnússon boðuðu forföll. Mættir eru varamenn Ólafur H.Guðnason og Þórunna Harðardóttir.

Dagskrá:

Byggingamál:

1. Hrífnunes 213047 – Viðbygging við íbúðarhús

Elín Arna Þorgeirsdóttir kt.130567-4609 sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhús á lóð Hrífnunes B 213047 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Um er að ræða 35 m² steinsteypa viðbyggingu sunnan megin við hús ætlað sem stækkun við stofu.

Samþykkt. Skipulags-og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

2. Nýibær 163418 – Innkeyrsluhurð á hlöðu

Sigríður K. Gunnarsdóttir kt.271055-2859 sækir um leyfi til að setja upp innkeyrsluhurð á hlöðu matshl.09 að Nýjabæ landnr. 163418 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Samþykkt. Skipulags-og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

3. Hörgsland 1. 163382 – Gistiaðstaða

Ragnar Johansen fh. Ferðapjónusta og sumarhúss 711001-2630 sækir um byggingarleyfi samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Um er að ræða breytingu á matshl.64 úr véla/verkfærageymslu í gistiaðstöðu / hótél.

Teikningar vegna síðara hluta breytinganna hafa skilað sér til fulltrúa skipulags-og byggingarmála. Því er samþykkt að veita byggingarleyfi vegna þess hluta framkvæmdanna. Skipulags-og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Skipulagsmál:

4. Eldgjá – Staðfesting deiliskipulagstillögu

Í kjölfar auglýsingar vegna deiliskipulags við Eldgjá kom eftirfarandi athugasemd fram:

J.G.
H

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands:

„Færa skal staðsetningu vatnsbóls og miðlunartanks inn á skipulagsuppdrátt ásamt viðeigandi vatnsverðarsvæðum, sbr. ákvæði reglugerðar.553/2001 um breytingu á reglugerð nr.796/1999 um varnir gegn mengun vats, en skv. henni skal skilgreina brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóls.“

Óskað var umsagnar Vegagerðarinnar og Umhverfisstofunnar. Engar athugasemdir bárust frá Vegagerðinni. Umhverfisstofnun gerði engar athugasemdir en gaf leiðbeiningar varðandi framkvæmd viðkomandi skipulagstillögu m.t.t. verndar svæðisins.

Brugðist hefur verið við athugasemdum umsagnaraðila og tillögum breytt til samræmis. Um er að ræða óverulega breytingu eftir auglýsingu og telst því tillagan samþykkt.

5. Langisjór – Staðfesting deiliskipulagstillögu

Í kjölfar auglýsingar vegna deiliskipulags við Eldgjá kom eftirfarandi athugasemd fram:

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands:

„Færa skal staðsetningu vatnsbóls og miðlunartanks inn á skipulagsuppdrátt ásamt viðeigandi vatnsverðarsvæðum, sbr. ákvæði reglugerðar.553/2001 um breytingu á reglugerð nr.796/1999 um varnir gegn mengun vats, en skv. henni skal skilgreina brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóls.“

Umhverfisstofnun:

Framkvæmdir;

„Umhverfisstofnun bendir á að mörk tjaldstæðis eru sýnd nálægt vatnsbakka Langasjós og minnir stofnunin á að í gr. 5.2.3.14. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum nær vatnsbakka en 50 m. Einnig bendir stofnunin á að í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 er gert ráð fyrir aðgengi meðfram ám, sjó og vötnum.“

Fráveita:

„Í greinargerð kemur fram hvernig fráveita og sorp verður meðhöndlað, en staðsetning rotþróar kemur ekki fram. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr.90/2013 kemur fram um veitur og fjarskipti, að gera skal grein fyrir veitum og helgunarsvæði þeirra, ofan jarðar og neðan, á uppdráttum og/eða í greinargerð. Því þarf að merkja staðsetningu rotþróar á uppdrátt.“

Einnig var óskað umsagnar Vegagerðarinnar, engar athugasemdir bárust frá þeirra hendi.

Brugðist hefur verið við athugasemdum umsagnaraðila og tillögum breytt til samræmis. Um er að ræða óverulega breytingu eftir auglýsingu og telst því tillagan samþykkt.

J.G. H

6. Hluti Vatnajökuls – Stofnun Þjóðlendu

Forsætisráðuneytið óskar eftir stofnun þjóðlendunnar Hluti Vatnajökuls, mál 8/2003 skv. meðfylgjandi gögnum og landspildublaði.

Samþykkt. Skipulags-og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

7. Hestamannfélagið Kópur – Deiliskipulag

Hestamannfélagið Kópur óskar eftir samstarfi við Skaftárhrepp vegna vinnslu deiliskipulags fyrir nýtt hesthúsasvæði á Kirkjubæjarklaustri samkvæmt meðfylgjandi bréfi.

Nefndin tekur vel í erindi hestamannafélagsins og mælist til þess að sveitarstjórn taki málið til umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Önnur mál:

8. Landsvirkun – Stöðuleyfi vegna veðurstöðvar.

Landsvirkun kt.420269-1299 sækur um stöðuleyfi fyrir veðurstöð á meðallandssandi samkvæmt meðfylgjandi umsókn og uppráttum.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki landeiganda og leigutaka. Skipulags-og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu

9. Saga Film – Vatnamót

Saga Film kt.590578-0109 sækir um stöðu-og framkvæmdaleyfi vegna kvikmyndatöku á svæði Vatnamóta í landi Hörgslands samkvæmt meðfylgjandi skýrslu. Um er að ræða stöðuleyfi fyrir um 9 gáma af ýmsum stærðum í kringum kvikmyndina. Sótt er um framkvæmdalefi til að lagfæra slóða að tókustað við Vatnamót. Viðkomandi framkvæmdir eru unnar í samráði við landeigendur.

Samþykkt með fyrirvara um að haft sé samráð við landeigendur varðandi framkvæmdina.

10. Eldjá – Útsýnispallar

Vatnajökulshjólágarður kt.441007-0940 óskar eftir byggingar- og framkvæmdaleyfi, fyrir annarsvegar, viðveruhús við bifreiðastæðið í Eldgjá, og hinsvegar tvo útsýnispalla við Ófærufoss, einnig í Eldgjá, samkvæmt deiliskipulagi sem er í ferli, samanber teikningar sem liggja fyrir hjá byggingarnefnd.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki landeiganda. Skipulags-og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl.21:36

J.S.
HT